

Málsnúmer: 2312003

Til: Stjórnarráð Íslands - Matvælaráðuneyti

Frá: Sigríði Ingvarsdóttur, bæjarstjóra Fjallabyggðar

Dags.: 15. 12. 2023

Efni: Úthlutun byggðakvóta 2023-2024

Sérstök skilyrði (sérreglur) vegna byggðakvóta á fiskveiðíárinu 2023/2024


Á fundi bæjarstjórnar Fjallabyggðar sem haldinn var í Ráðhúsinu á Siglufirði 14. desember sl. var málið nr. 2312003 - Úthlutun byggðakvóta 2023-2024 tekið fyrir. Sjá meðfulgjandi bókun um málið;

Lagt er fram erindi Matvælaráðuneytisins þar sem Fjallabyggð er tilkynnt hversu miklar aflaheimildir koma í hlut hvers byggðarlags innan sveitarfélagsins við úthlutun byggðakvóta á fiskveiðíárinu 2023-2024. Á 814. fundi bæjarráðs var bæjarstjóra falið að vinna málið áfram og leggja fyrir bæjarstjórn drög að reglum um byggðakvóta fyrir Fjallabyggð þar sem haft verði að leiðarljósí hámarksnýting byggðakvótans. Tillögur bæjarstjóra að sérreglum Fjallabyggðar um byggðakvóta lagðar fram.
Guðjón M. Ólafsson, Sigríður Ingvarsdóttir, S. Guðrún Hauksdóttir, Helgi Jóhannsson og Tómas Atlí Einarsson tóku til máls.

Bæjarstjórn samþykkir fyrirliggjandi tillögu að sérreglum um byggðakvóta með 7 ákvæðum.
Bæjarstjórn felur bæjarstjóra að senda ráðuneytinu eftirfarandi ósk um sérreglur í reglugerð 852/2023 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðíárinu 2023-2024. Lagt er til að sérreglur í reglugerð hvað varðar Fjallabyggð verði með þeim hætti að heimilt verði að landa afla innan sveitarfélags óháð því í hvoru byggðarlagi bátur fær úthlutun, einnig er lagt til að hámark úthlutunar til hvers skips verði ekki meiri en 80 tonn. Ákvæði reglugerðar nr. 852/2023 gilda um úthlutun byggðakvóta Ólafsþjóðar og Siglufjörðar með eftirfarandi breytingum:

- a) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr., c liðar 1. greinar breytist og verður: Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í viðkomandi sveitarfélagi 1. júlí 2023.
- b) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðíárs, skal að öðru leyti fara til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan viðkomandi byggðalags á fiskveiðíárinu, þó að hámarki 80 þorskígildistönn á fiskiskip.
- c) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: "Fiskiskipum er skyldt að landa þeim afla sem telja á til byggðarkvóta innan sveitarfélagsins.

Bæjarstjórn leggur sérstaka áherslu á breytingatillögur c-liðar og að Matvælaráðuneytið taki tillit til aðstæðna í Fjallabyggð og heimili að undanþágu frá algerri vinnsluskyldu og tryggi þannig hámarksnýtingu byggðakvótans fyrir samfélagið í Fjallabyggð.



Sigríður Ingvarsdóttir, bæjarstjóri Fjallabyggðar